

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2084****2022/EES/10/65****frá 14. desember 2020****um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (1), einkum 2. mgr. 10. gr. a og þriðju undirgrein 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja samræmi milli sannprófunar á skýrslum um árlega losun skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB og sannprófunar á gögnum um starfsemissstig sem er safnað samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 (2), sem og til að nýta samlegðaráhrif, þykir rétt að fella reglur um sannprófun á ársskýrslum um starfsemissstig sem krafist er skv. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842 inn í lagarammann sem var fastsettur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 (3).
- 2) Samhæfðir staðlar, s.s. samhæfði staðallinn sem varðar kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu, eru uppfærðir reglulega. Gera ætti nokkrar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 til að aðlaga hana að endurskoðunum á gildandi stöðlum og til að styrkja kröfur varðandi aðferðir sannprófenda og varðandi rekstur á stjórnunarkerfi sannprófenda.
- 3) Mikilvægt er að skýra nánar að fyrirframætlað samræmi, sem mælt er fyrir um í 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2067, veitir sannprófanda ekki undanþágu frá því að beita áætlunarsértækum kröfum í þeirri framkvæmdarreglugerð og að þetta fyrirframætlaða samræmi á ekki við um tiltekin ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 þar sem mikilvægt er að varðveita markmiðin og meginreglurnar sem sett eru fram í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.
- 4) Samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 (4) og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 er þess krafist að rekstraraðili stöðvar sem sækir um úthlutun án endurgjalds í samræmi við 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB láti viðeigandi ákvæði um vöktun koma fram í áætluninni um aðferðafræði við vöktun. Því er ekki lengur viðeigandi að kveða á um sannprófun á þáttum sem skipta máli fyrir slíka úthlutun án endurgjalds innan gildissviðs sannprófunar á vöktunaráætluninni samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.
- 5) Til að tryggja að mat á sannprófun geti farið fram á skilvirkan og tímanlegan hátt ætti að breyta reglum er varða aðgang lögbærs yfirvalds að innri sannprófunargögnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. L 423, 15.12.2020, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 395/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. L 275, 25.10.2003, bls. 32

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi (Stj. L 282, 4.11.2019, bls. 20).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. L 334, 31.12.2018, bls. 94).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. L 59, 27.2.2019, bls. 8).

- 6) Til að stuðla enn frekar að samhæfingu innan Sambandsins og bæta skilvirkni faggildingarkerfisins er mikilvægt að skýra nánar hæfi sannprófenda sem óska eftir faggildingu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.
- 7) Í kjölfar birtingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 hafa ýmsar villur komið í ljós sem þarf að leiðrétta. Einkum var númerinu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 sleppt í öllum textanum og þarf að bæta því við.
- 8) Óviðráðanlegar aðstæður sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars fær ekki við ráðið geta komið í veg fyrir að sannprófandi fari í vettvangsheimsóknir á staðinn í samræmi við 21. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2067. Í þeim tilvikum þykir rétt að heimila sannprófundum að fara í fjarvettvangsheimsóknir, að því tilskildu að sérstök skilyrði séu uppfyllt.
- 9) Því ætti að breyta og leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 til samræmis við það.
- 10) Rétt þykir að breytingarnar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 gildi um sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda, gögn um tonnklómetra og úthlutunargögn sem tengjast fjórða viðskiptatímabilinu. Því ætti að fresta gildistöku viðkomandi ákvæða þessarar reglugerðar til 1. janúar 2021.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð skal gilda um sannprófun á gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda og tonnklómetra frá 1. janúar 2019, sem tilkynnt er um skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og um sannprófun á gögnum sem skipta máli fyrir uppfærslur á fyrirframákveðnum viðmiðunum og til að ákvarða úthlutun án endurgjalds til stöðva skv. 10. gr. a í þeirri tilskipun.“

- 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „sannprófandi“: lögaðili sem annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð og faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 og þessari reglugerð eða einstaklingur, sem hefur fengið til þess heimild með öðrum hætti, með fyrirvara um 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, á þeim tíma þegar sannprófunarskýrsla er gefin út,“

- b) Eftirfarandi lið 6a er bætt við:

„6a) „ársskýrsla um starfsemissig“: skýrsla sem rekstraraðili leggur fram skv. 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 (*),

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissigi (Stjtíð. ESB 282, 4.11.2019, bls. 20).“

c) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7) „skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars“: árleg skýrsla um losun sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrsla um tonnkilómetra sem umráðandi loftfars skal leggja fram í þeim tilgangi að sækja um úthlutun losunarheimilda skv. 3. gr. e og 3. gr. f í þeirri tilskipun, skýrsla um grunn gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, skýrsla með gögnum um nýjan aðila sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar eða ársskýrsla um starfsemissstig.“

d) Í stað c-liðar 13. liðar kemur eftirfarandi:

„c) að því er varðar sannprófun á skýrslu um grunn gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, skýrslu með gögnum um nýjan aðila sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar eða ársskýrslu um starfsemissstig: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðilans sem er í andstöðu við kröfurnar í áætluninni um aðferðafræði við vöktun,“

e) Eftirfarandi 30. lið er bætt við:

„30) „tímabil skýrslugjafar um starfsemissstig“: viðeigandi tímabil á undan framlagningu ársskýrslu um starfsemissstig skv. 1. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842.“

3) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Fyrirframætlað samræmi

Ef sannprófandi sýnir fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum, eins og skilgreint er í 9. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann, nema að því er varðar 7. gr. (1. mgr.), 7. gr. (4. mgr.), 22. gr., 27. gr. (1. mgr.), 28. gr., 31. gr. og 32. gr. þessarar reglugerðar, teljast uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í II. og III. kafla þessarar reglugerðar, að svo miklu leyti sem gildandi samhæðir staðlar ná yfir þær kröfur.“

4) Í stað fyrstu málsgreinar 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Sannprófuð losunarskýrsla, skýrsla um tonnkilómetra, skýrsla um grunn gögn, skýrsla með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrsla um starfsemissstig skal vera áreiðanleg fyrir notendur. Í henni skal koma fram raunsonn mynd af því sem fjallað er um eða því sem ætla mætti með sanngjörnum hætti að hún sýni.“

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé fullgerð og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 eða 2. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842, eins og við á,“

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðilans um grunn gögn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig, að rekstraraðilinn hafi farið að kröfunum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ef sannprófandi uppgötvar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars fer ekki eftir ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða rekstraraðilinn fer ekki eftir ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842 skal greint frá því frávik í sannprófunarskýrslunni, jafnvel þótt lögbært yfirvald hafi samþykkt vöktunaráætlunina eða áætlunina um aðferðafræði við vöktun sem um ræðir.“

6) Ákvæðum 1. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) árlega losun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skýrslu um tonnklómetra, skýrslu um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig, eins og við á,“

b) Eftirfarandi ka-lið er bætt við:

„ka) ef áætluninni um aðferðafræði við vöktun hefur verið breytt, skýrslu þar sem tilgreindar eru allar breytingar í samræmi við 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,“

c) Eftirfarandi la-lið er bætt við:

„(la) eftir atvikum, upplýsingar um hvernig rekstraraðilinn hefur leiðrétt ósamræmi eða brugðist við tilmælum um umbætur sem tilkynnt var um í sannprófunarskýrslu er varðar ársskýrslu um starfsemissstig frá næstliðnu ári eða viðeigandi skýrslu um grunnöggn,“

d) Í stað n-liðar kemur eftirfarandi:

„n) öll viðeigandi bréfaskipti við lögbært yfirvald, einkum upplýsingar sem varða tilkynningu um breytingar á vöktunaráætluninni eða á áætluninni um aðferðafræði við vöktun sem og leiðréttingar á uppgæfnum gögnum, eins og við á,“

7) Ákvæðum 4. mgr. 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) hvort gerðar hafi verið einhverjar breytingar á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu,“

b) Eftirfarandi ba-lið er bætt við:

„ba) hvort gerðar hafi verið einhverjar breytingar á áætluninni um aðferðafræði við vöktun á grunntímabilinu eða tímabili skýrslugjafar um starfsemissstig, eins og við á,“

c) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) eftir atvikum, hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um breytingarnar, sem um getur í ba-lið, skv. 3. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.“

8) Í stað c-liðar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„c) gagnaúrtaksáætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við úrtöku á gögnum sem varða þá gagnapunkta sem liggja til grundvallar uppsafnaðri losun í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun, gögnum um uppsafnaða tonnklómetra í skýrslu umráðanda loftfars um tonnklómetra eða uppsöfnuðum gögnum, sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, í skýrslu rekstraraðilans um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig.“

9) Ákvæðum 2. mgr. 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) mörk stöðvar og undirstöðva hennar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig,“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) heilleika efnisstrauma og upptök losunar eins og þeim er lýst í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig,“

c) Eftirfarandi fa-lið er bætt við:

„fa) nákvæmni mæliþáttanna sem eru tilgreindir í 16. gr. (5. mgr.), 19., 20., 21. eða 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, sem og gagna sem krafist er skv. 6. gr. (1., 2. og 4. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842, í þeim tilgangi að sannprófa ársskýrslu um starfsemissstig,“

10) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðilans um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig skal sannprófundinn athuga hvort aðferðinni til að safna gögnum og vakta þau, sem er skilgreind í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, sé beitt á réttan hátt, þ.m.t.“

ii. Eftirfarandi e- til h-lið er bætt við:

„e) hvort orkunotkunin hafi, eftir atvikum, verið rétt rakin til hvernar undirstöðvar,

f) hvort gildi mæliþáttanna, sem eru tilgreindir í 16. gr. (5. mgr.), 19., 20., 21. eða 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 byggist á rétttri beitingu þeirrar reglugerðar,

g) í þeim tilgangi að sannprófa ársskýrslu um starfsemissstig og skýrslu með gögnum um nýjan aðila, upphafsdagsetning venjulegs rekstrar eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,

h) í þeim tilgangi að sannprófa ársskýrslu um starfsemissstig, hvort mæliþættirnir, sem eru tilgreindir í liðum 2.3 til 2.7 í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331, eftir því sem við á fyrir stöðina, hafi verið vaktadír og gefin skýrsla um þá á réttan hátt í samræmi við áætlunina um aðferðafræði við vöktun.“

b) Ákvæði 5. mgr. falla brott.

11) Í stað 3. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef gagnaeyður hafa myndast í skýrslum um grunnöggn, skýrslum með gögnum um nýja aðila eða ársskýrslum um starfsemissstig skal sannprófundinn athuga hvort mælt er fyrir um aðferðir til að fást við eyður í gögnum skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, hvort þessar aðferðir voru viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef ekki er mælt fyrir um viðeigandi aðferð varðandi eyður í gögnum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skal sannprófundinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðilinn notaði til að bæta upp fyrir gögnin sem vantaði, byggist á réttmætum sönnunargögnum og tryggi að gögnin, sem krafist er með IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 eða 2. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1842 séu hvorki vanmetin né ofmetin.“

12) Í stað 4. og 5. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila og ársskýrslu um starfsemissstig skal sannprófundinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta mörk stöðvarinnar og undirstöðva hennar sem og heilleika efnisstrauma, upptök losunar og tæknilegar tengingar.

5. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig skal sannprófundinn ákveða, á grundvelli áhættugreiningar, hvort þörf sé á að heimsækja aðra staði, þ.m.t. ef mikilvægir þættir í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi fara fram annars staðar, s.s. í höfuðstöðvum fyrirtækis eða öðrum skrifstofum fjarri vettvangi.“

13) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

Ef sannprófundinn greinir rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842, eins og við á, við sannprófunina skal hann upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfars um það tímanlega og fara fram á viðeigandi leiðréttingar.“

ii. Í stað þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Ef vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 hafa greinst skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilkynna það lögbæru yfirvaldi og lagfæra vanefndirnar eins og við á án ástæðulausrar tafar.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Allar rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt meðan á sannprófuninni stóð, skal sannprófundinn skjalfesta í innri sannprófunargögnum og geta þess að leyst hafi verið úr þeim.“

c) Í stað fjórðu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars lagfærir ekki vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófundinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófundinn meta hvort ólagfærðu vanefndirnar hafi áhrif á uppgefn gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.“

14) Í stað inngangsmálsliðarins í 4. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu um grunn gögn, skýrslu með gögnum um nýja aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnu heildargildi eftirfarandi:“

15) Í stað 3. mgr. 26. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Sannprófandi skal, ef um það er beðið, veita lögbæru yfirvaldi aðgang að innri sannprófunargögnum og öðrum viðeigandi upplýsingum til að auðvelda lögbæra yfirvaldinu að meta sannprófunina. Lögbært yfirvald getur ákveðið innan hvaða tímamarka sannprófundinn verður að veita aðgang að þessum gögnum.“

16) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er við sannprófunina skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu til rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi sérhverja skýrslu um losun, skýrslu um tonnklómetra, skýrslu um grunn gögn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig sem sannprófunin náði til.“

b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi ha-lið er bætt við:

„ha) ef þeir varða sannprófun á ársskýrslu um starfsemissstig, samantekin sannprófuð árleg gögn fyrir hvert ár á tímabili skýrslugjafar um starfsemissstig fyrir hverja undirstöð fyrir árlegt starfsemissstig hennar,“

ii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:

„i) skýrslutímabilið, grunntímabilið eða tímabil skýrslugjafarinnar um starfsemissstig sem sannprófunin nær til,“

iii. Í stað o-liðar kemur eftirfarandi:

„o) öll atriði sem sýna vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842, sem komið hafa fram meðan á sannprófun stóð,“

iv. Ákvæði r-liðar falla brott.

v. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„ra) ef sannprófundinn hefur tekið eftir breytingum, sem skipta máli, á mælipáttunum sem eru tilgreindir í 16. gr. (5. mgr.), 19., 20., 21. eða 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 eða breytingum á orkunýtni skv. 6. gr. (1., 2. og 3. mgr.) framkvæmdarreglugerðar 2019/1842: lýsing á þessum breytingum og tengdar athugasemdir,

rb) eftir atvikum, staðfesting á því að upphafsdagsetning venjulegs rekstrar, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, hafi verið athuguð,“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Sannprófandinn skal í sannprófunarskýrslunni lýsa rangfærslum, ósamræmi og vanefndum á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 með nægilega ítarlegum hætti til að rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og lögbæru yfirvaldi, sé gert kleift að átta sig á eftirfarandi:“

ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) umfangi og eðli rangfærslunnar, ósamræmisins eða vanefndanna á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842,“

iii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) hvaða grein í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 eða framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 vanefndirnar tengjast.“

17) Eftirfarandi 1. mgr. a er bætt við í 29. gr.:

„1a. Að því er varðar sannprófun á ársskýrslu um starfsemissstig skal sannprófandi meta hvort rekstraraðili hafi leiðrétt ósamræmi, sem tilgreint er í sannprófunarskýrslunni, í tengslum við samsvarandi skýrslu um grunn gögn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig frá fyrra tímabili skýrslugjafar um starfsemissstig.

Ef rekstraraðili hefur ekki leiðrétt þetta ósamræmi skal sannprófandinn íhuga hvort vanrækslan auki eða gæti aukið hættu á rangfærslum.

Sannprófandi skal upplýsa í sannprófunarskýrslunni hvort rekstraraðili hafi leyst úr slíku ósamræmi.“

18) Í stað e-liðar 1. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„e) vöktun og skýrslugjöf varðandi gögn fyrir skýrslur um grunn gögn, skýrslur með gögnum um nýja aðila og ársskýrslur um starfsemissstig.“

19) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) þegar sannprófandinn sannprófar skýrslu rekstraraðila um losun eða ársskýrslu hans um starfsemissstig í fyrsta sinn,

b) til að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun ef sannprófandi hefur ekki farið í vettvangsheimsókn í tvö skýrslutímabil næst á undan núverandi skýrslutímabili,“

ii. Eftirfarandi ba-lið er bætt við:

„ba) í þeim tilgangi að sannprófa ársskýrslu rekstraraðila um starfsemissstig ef sannprófandi hefur ekki farið í vettvangsheimsókn meðan á sannprófun á ársskýrslu um starfsemissstig eða skýrslu um grunn gögn stóð í tvö skýrslutímabil næst á undan núverandi tímabili skýrslugjafar um starfsemissstig,“

iii. Eftirfarandi ca-lið er bætt við:

„ca) ef mikilvægar breytingar hafa orðið á stöðinni eða undirstöðvum hennar á tímabili skýrslugjafar um starfsemissstig sem útheimta umtalsverðar breytingar á áætluninni um aðferðafræði við vöktun, þ.m.t. þær breytingar sem um getur í 5. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331,“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ákvæði c- og ca-liðar 3. mgr. gilda ekki ef einungis hafa verið gerðar breytingar á sjálfgildinu fyrir reiknistuðulinn á skýrslutímabilinu, eins og um getur í h-lið 3. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða c-lið 5. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.“

20) Ákvæðum 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„sannprófunin á skýrslu rekstraraðila um losun varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:“

b) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„sannprófunin á skýrslu rekstraraðila um losun varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:“

c) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) sannprófunin á skýrslu rekstraraðila um losun varðar stöð með litla losun, eins og um getur í 2. mgr. 47. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 og ákvæði a- til c-liðar í 2. lið gilda,“

d) Eftirfarandi liðum 3a, 3b og 3c er bætt við:

„3a) sannprófunin á ársskýrslu rekstraraðila um starfsemissstig varðar stöð, eins og um getur í 1., 2. eða 3. lið, þar sem:

- a) sú stöð hefur ekki nema eina undirstöð og um hana gildir vöruviðmiðun skv. 2. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 og
- b) gögn um framleiðslu, sem skipta máli fyrir vöruviðmiðunina, hafa verið metin sem hluti af úttekt vegna fjárhagsreiknings og rekstraraðili leggur fram sannanir fyrir því,

3b) sannprófunin á ársskýrslu rekstraraðila um starfsemissstig varðar stöð, eins og um getur í 1., 2. eða 3. lið, þar sem:

- a) stöðin er að hámarki með tvær undirstöðvar,
- b) framlag seinni undirstöðvarinnar nemur minna en 5% af endanlegri heildarúthlutun losunarheimilda til stöðvarinnar og
- c) sannprófanandi er með fullnægjandi gögn aðgengileg til að meta skiptingu á milli undirstöðva ef við á,

3c) sannprófunin á ársskýrslu rekstraraðila um starfsemissstig varðar stöð, eins og um getur í 1., 2. eða 3. lið, þar sem:

- a) stöðin er einungis með undirstöðvar með varmaviðmiðun eða fjarhitun og
- b) sannprófanandi er með fullnægjandi gögn aðgengileg til að meta skiptingu á milli undirstöðva ef við á,“

e) Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„sannprófunin á skýrslu rekstraraðila um losun eða ársskýrslu um starfsemissstig varðar stöð sem er staðsett á mannlausu svæði þar sem:“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælana á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd,“

f) Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

a) Fyrstu málsgrein er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„sannprófunin á skýrslu rekstraraðila um losun eða ársskýrslu um starfsemissstig varðar stöð sem er staðsett á afskekktu eða óaðgengilegu svæði, einkum stöð á hafi úti, þar sem.“

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælna á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„Beita verður b-lið 3. gr. a ef undirstöðin sem leggur til 95% eða meira af endanlegri heildarúthlutun stöðvarinnar af losunarheimildum, eins og um getur í b-lið 3. gr. b, er undirstöð sem vöruviðmiðun gildir um skv. 2. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.“

21) Eftirfarandi grein er bætt við:

„34. gr. a

Fjarvettvangsheimsóknir

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 21. gr., ef alvarlegar, óvenjulegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur enga stjórn á koma í veg fyrir að sannprófandi fari í vettvangsheimsókn á staðinn og ekki er unnt að yfirstíga þær eftir að allar eðlilegar ráðstafanir hafa verið gerðar, er sannprófandi heimilt að ákveða, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, að fara í fjarvettvangsheimsókn.

Sannprófandi skal gera ráðstafanir til að draga úr sannprófunaráhættu að viðunandi marki til þess að hægt sé að ná fram fullnægjandi áreiðanleika um að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur. Vettvangsheimsókn á stöðina eða til umráðanda loftfars skal innt af hendi án ástæðulausrar tafar.

Ákvörðun um að fara í fjarvettvangsheimsókn skal grundvallast á niðurstöðu úr áhættugreiningu og eftir að ákvarðað hefur verið að skilyrðin fyrir því að fara í fjarvettvangsheimsókn séu uppfyllt. Sannprófandinn skal upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um þetta án ástæðulausrar tafar.

2. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins skal leggja fram umsókn til lögbærs yfirvalds þar sem lögbæra yfirvaldið er beðið um að samþykkja ákvörðun sannprófanda um að fara í fjarvettvangsheimsókn. Umsóknin skal innihalda eftirfarandi þætti:

a) sönnun fyrir því að ekki sé mögulegt að inna af hendi vettvangsheimsókn á staðnum vegna hinna alvarlegu, óvenjulegu og ófyrirsjáanlegu aðstæðna sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins hefur enga stjórn á,

b) upplýsingar um það hvernig fjarvettvangsheimsóknin verður innt af hendi,

c) upplýsingar um niðurstöðu úr áhættugreiningu sannprófundans,

d) sannanir fyrir ráðstöfunum sem sannprófandi hefur gripið til í því skyni að draga úr sannprófunaráhættu að viðunandi marki til þess að hægt sé að ná fram fullnægjandi áreiðanleika um að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

3. Lögbært yfirvald skal ákveða út frá umsókninni, sem viðkomandi rekstraraðili eða umráðandi loftfars leggur fram, hvort það samþykkir ákvörðun sannprófanda um að fara í fjarvettvangsheimsókn, að teknu tilliti til þáttanna sem eru tilgreindir í 2. mgr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa sannprófundum að fara í fjarvettvangsheimsóknir án þess að þeir þurfi einstakt samþykki, sem um getur í 3. mgr., ef svipaðar alvarlegar, óvenjulegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður koma upp, sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins hefur enga stjórn á, í mörgum stöðvum eða hjá mörgum umráðendum loftfara og nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða vegna lögbundinna landsreglna sem varða lýðheilsu, að því tilskildu að:

- a) lögbært yfirvald hafi staðfest að fyrir hendi séu alvarlegar, óvenjulegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins hefur enga stjórn á og nauðsynlegt sé að grípa til tafarlausra aðgerða vegna lögbundinna landsreglna sem varða lýðheilsu,
- b) rekstraraðilinn eða umráðandi loftfarsins upplýsi lögbært yfirvald um þá ákvörðun sannprófundans að fara í fjarvettvangsheimsókn, þ.m.t. þættina sem eru tilgreindir í 2. mgr.

Lögbært yfirvald skal fara yfir upplýsingarnar, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars leggur fram í samræmi við b-lið, við mat á skýrslu rekstraraðilans eða umráðanda loftfarsins og upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins um niðurstöður matsins.“

22) Í stað annarrar undirgreinar 5. mgr. 37. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef sannprófundinn annast sannprófun á skýrslum um grunnöggn, skýrslum með gögnum um nýja aðila eða ársskýrslum um starfsemissstig skal vera a.m.k. einn einstaklingur til viðbótar í sannprófunarhópnum sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku tæknilegu þætti sem varða söfnun, vöktun og skýrslugjöf um gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.“

23) Í stað a-liðar 1. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„a) þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842, ef um er að ræða sannprófun á skýrslu um grunnöggn, skýrslu með gögnum um nýjan aðila eða ársskýrslu um starfsemissstig, þessari reglugerð, viðkomandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, gildandi viðmiðunarreglum sem og viðeigandi viðmiðunarreglum og löggjöf sem aðildarríkið, þar sem sannprófundinn annast sannprófun, gefur út,“

24) Ákvæðum 41. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málsliðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þegar þessum verklagsreglum og ferlum er komið á og hrint í framkvæmd skal sannprófundinn annast þau störf sem eru tilgreind í II. viðauka við þessa reglugerð í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í þeim viðauka.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Sannprófandi skal hanna, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda stjórnunarkerfi, í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka, til þess að tryggja samræmda þróun, framkvæmd, framfarir og endurskoðun á verklagsreglum og ferlum sem um getur í 1. mgr. Stjórnunarkerfið skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

- a) stefnur og ábyrgðir,
- b) yfirferð á stjórnun,
- c) innri úttektir,
- d) aðgerðir til úrbóta,
- e) aðgerðir til að bregðast við áhættu og tækifærum og til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða,
- f) eftirlit með skjalfestum upplýsingum.“

25) Í stað 1. mgr. 42. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sannprófandi skal viðhalda skrá og halda utan um þær, þ.m.t. skrár um hæfni og óhlutdrægni starfsfólks, til þess að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.“

26) Ákvæðum 43. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málsliðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar þessa reglugerð gilda viðeigandi kröfur um uppbyggingu og skipulag sannprófanda sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.“

- b) Eftirfarandi málslið er bætt við í fyrstu undirgrein 3. mgr.:
- „Í þessu skyni skal sannprófandi vakta áhættur m.t.t. óhlutdrægni og grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við þessum áhættum.“
- c) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað fyrsta málsliðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:
- „Sannprófandi skal ekki útvísta lokum samnings milli rekstraraðila eða umráðanda loftfars og sannprófundans, óháðri endurskoðun eða útgáfu sannprófunarskýrslu.“
- b) Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:
- „Samt sem áður skulu samningar við einstaklinga um að taka að sér sannprófunarstörf ekki teljast til útvistarar að því er varðar fyrstu undirgrein ef sannprófundinn, þegar hann semur við þessa aðila, tekur fulla ábyrgð á þeim sannprófunarstörfum sem samningsbundið starfsfólk annast. Þegar sannprófandi gerir samninga við einstaklinga um að taka að sér sannprófunarstörf skal hann krefjast þess að þessir einstaklingar undirriti skriflegan samning um að þeir fylgi verklagi sannprófundans og að ekki felist neinn hagsmunaárekstur í því að annast þessi sannprófunarstörf.“
- d) Eftirfarandi 6. mgr. a er bætt við:
- „6a. Við sannprófun hjá sama rekstraraðila eða umráðanda loftfars og á næstliðnu ári skal sannprófandi hafa í huga áhættu á óhlutdrægni og gera ráðstafanir til að draga úr áhættu á óhlutdrægni.“
- e) Eftirfarandi 8. mgr. er bætt við:
- „8. Ef yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir tekst á hendur árlegar sannprófanir fyrir tiltekna stöð í fimm ár samfleytt skal yfirúttektarmaðurinn taka sér hlé í þrjú ár samfleytt frá því að veita sömu stöð sannprófunarþjónustu. Þetta fimm ára hámarks tímabil tekur til sannprófunar á losun eða úthlutunargögnum sem gerð er innan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir fyrir stöðina eftir 1. janúar 2021.“
- 27) Í stað annarrar undirgreinar 44. gr. kemur eftirfarandi:
- „Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila, skal þar að auki vera faggiltur fyrir starfsemisflokk nr. 98, sem um getur í I. viðauka, að því er varðar að sannprófa skýrslur um grunn gögn, skýrslur með gögnum um nýja aðila eða ársskýrslur um starfsemisstig.“
- 28) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 46. gr. kemur eftirfarandi:
- „Sérhver lögaðili, sem komið er á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis, getur beðið um faggildingu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ákvæðum þessa kafla.“
- 29) Í stað b-liðar 1. mgr. 59. gr. kemur eftirfarandi:
- „b) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annari viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum.“
- 30) Í stað a-liðar 2. mgr. 60. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1842 þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annari viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum.“
- 31) Í stað b-liðar 1. mgr. 77. gr. kemur eftirfarandi:
- „b) heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara þar sem hann á að sannprófa skýrslur um losun, skýrslur um tonnklómetra, skýrslur um grunn gögn, skýrslur með gögnum um nýja aðila eða ársskýrslur um starfsemisstig.“
- 32) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 3. gr. eru leiðrétt sem hér segir:
 - a) Í stað „.../...“ í 11. lið kemur „2019/331“.
 - b) Í stað „.../...“ í 28. lið kemur „2019/331“.
 - c) Í stað „.../...“ í 29. lið kemur „2019/331“.
- 2) Öðrum undirlið 4. mgr. 7. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað „.../...“ í fyrsta málslið kemur „2019/331“.
 - b) Í stað „.../...“ í öðrum málslið kemur „2019/331“.
- 3) Í stað „.../...“ í annarri undirgrein 6. mgr. 7. gr. kemur „2019/331“.
- 4) Ákvæði 1. mgr. 10. gr. eru leiðrétt sem hér segir:
 - a) Í stað „.../...“ í e-lið kemur „2019/331“.
 - b) Í stað „.../...“ í f-lið kemur „2019/331“.
 - c) Í stað 1-liðar kemur eftirfarandi:

„l) eftir atvikum, skýrslurnar sem um getur í 1. og 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,“
- 5) Ákvæði 3. mgr. 17. gr. eru leiðrétt sem hér segir:
 - a) Í stað „.../...“ í a-lið kemur „2019/331“.
 - b) Í stað „.../...“ í c-lið kemur „2019/331“.
- 6) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Þegar fluttur koltvísýringur er dreginn frá í samræmi við 49. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða flutt nitroxíð er ekki talið sem losað í samræmi við 50. gr. þeirrar reglugerðar og koltvísýringurinn eða nitroxíðið er mælt, bæði hjá stöðinni þaðan sem það er flutt og stöðinni sem tekur við því, skal sannprófandinn athuga hvort hægt sé að útskýra mismun milli mæligilda beggja stöðvanna með óvissuþáttum í mælikerfum og hvort rétt meðalgildi mældra gilda hafi verið notuð í skýrslum um losun hjá báðum stöðvum.“
- 7) Í stað „.../...“ í 3. mgr. 19. gr. kemur „2019/331“.
- 8) Í stað „.../...“ í e-lið 1. mgr. 27. gr. kemur „2019/331“.
- 9) Ákvæði 3. mgr. 27. gr. eru leiðrétt sem hér segir:
 - a) Í stað „.../...“ í f-lið kemur „2019/331“.
 - b) Í stað „.../...“ í q-lið kemur „2019/331“.
- 10) Í stað „.../...“ í e-lið 28. gr. kemur „2019/331“.
- 11) Í stað „.../...“ í c-lið 1. mgr. 30. gr. kemur „2019/331“.
- 12) Í stað „.../...“ í þriðju undirgrein 2. mgr. 58. gr. kemur „2019/331“.
- 13) Í stað „.../...“ í 1. mgr. 69. gr. kemur „2019/331“.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi g- og h-lið er bætt við í II. viðauka:

- „g) verklagsregla eða ferli til að tryggja að sannprófandi taki fulla ábyrgð á þeim sannrófunarstörfum sem samningsbundið starfsfólk annast,
 - h) ferli sem tryggja að stjórnunarkerfið, sem um getur í 2. mgr. 41. gr., virki sem skyldi, þ.m.t.:
 - i. ferli til að endurskoða stjórnunarkerfið a.m.k. einu sinni á ári og ekki má líða lengri tími en 15 mánuðir milli yfirferða á stjórnun,
 - ii. ferli til að framkvæma innri úttektir a.m.k. einu sinni á ári og ekki má líða lengri tími en 15 mánuðir á milli innri úttekta,
 - iii. ferli til að greina og stjórna ósamræmi í starfsemi sannrófanda og gera aðgerðir til úrbóta til að bregðast við þessu ósamræmi,
 - iv. ferli til að greina áhættu og tækifæri í starfsemi sannrófanda og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að draga úr þessum áhættum,
 - v. ferli til að hafa eftirlit með skjalfestum upplýsingum.“
-